Aðalfundur FFÁS og fræðslustund 2019

Föstudaginn 1. mars kl. 13:00-16:00 í upplýsingaveri Garðaskóla í Garðabæ
Fundarstjóri: Guðrún Þórðardóttir
Fundarritari: Halla Svavarsdóttir
Mættir voru 41 félagsmaður

Dagskrá aðalfundar:
Skýrsla stjórnar: Dröfn Vilhjálmsdóttir, formaður
Kjaranefnd: Ívar Ólafsson
Ársreikningur félagsins: Margrét Björnsdóttir, gjaldkeri
Lagabreytingar
Kosning í stjórn
Kosning í nefndir
Önnur mál

Fundarstjóri kynnti dagskrá aðalfundar, formann og ritara félagsins og gaf formanni orðið til að kynna skýrslu stjórnar.

Formaður byrjaði á að kynna stjórnarmeðlimi og nefndir.
Í stjórn eru:
Dröfn Vilhjálmsdóttir - Seljaskóla, formaður
Guðrún Ólafsdóttir – Kársnesskóla, varaformaður
Margrét Björnsdóttir – Skólasafnamiðstöð, gjaldkeri
Halla Svavarsdóttir - Víðistaðaskóla, ritari
Anna Guðmundsdóttir – Grunnskólanum í Borgarnesi, meðstjórnandi
Heiða Rúnarsdóttir – Háteigsskóla, meðstjórnandi
Guðmunda Guðlaugsdóttir – Snælandsskóla, meðstjórnandi & fræðslunefnd
Ragnhildur Birgisdóttir – Grunnskóla Seltjarnarness, meðstjórnandi

Anna Guðmundsdóttir fór í leyfi eftir áramót.

Kjaranefnd
Ívar Ólafsson – Hagaskóla fyrir SBU
Ásgeir Eyþórsson – Kelduskóla fyrir KÍ

Ásgeir ætlar að fylgja eftir launasamningi félagsmanna í KÍ en hættir í kjaranefnd.
Dröfn þakkaði þeim Ásgeiri og Ívari fyrir frábært starf í þágu félagsmanna.

Tengiliðir
Guðrún Ólafsdóttir var tengiliður félagsins við Gerðubergsráðstefnuna.
Dröfn Vilhjálmsdóttir situr í stjórn IBBY.
Dröfn Vilhjálmsdóttir, Heiða Rúnarsdóttir, Sif Heiða Guðmundsdóttir og Vignir Ljósálfur eru tengiliðir félagsins við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO.

Dröfn sagði frá nokkrum samstarfsverkefnum félagsins við Reykjavíkurborg. Verkefni um Sleipni - lestrarfélaga barnanna sem fer í gang í lok mars. Þá er félagið einnig í samstarfi við bókmenntaborgina um að gera lestrarhvetjandi veggspjöld og myndbönd.

Dröfn situr í dómnefnd á vegum Reykjavíkurborgar sem velur barnabókarhandrit í samkeppni um verðlaun úr sjóði sem er tileinkaður Guðrúnu Helgadóttur rithöfundi.

Málþing og ráðstefnur
Þær Dröfn og Heiða komu að ýmsum málþingum og ráðstefnum. Má þar nefna sumarsmiðjur fyrir kennara hjá Reykjavíkurborg s.l. sumar og erindi sem Dröfn hélt á Landsfundi Upplýsingar 2019 í Hörpu um skólasöfn sem og erindi um skólasöfn á vorfundi sambands forstöðumanna almenningsbókasafna og erindi um læsi í krafti foreldra fyrir Menntamálastofnun og Heimili og skóla. Þær Inga Lára Birgisdóttir og Arnþrúður Einarsdóttir voru einnig með fræðslu í sumarsmiðjum kennara hjá Reykjavíkurborg.

Fræðslustarf félagsins var fjölbreytt. Dröfn greindi frá vel heppnaðri fræðslustund og vorferð félagsins upp á Akranes og í Borgarnes s.l. vor þar sem skólasöfn bæjarfélaganna voru skoðuð. Heimboði að Borg á Mýrum þar sem hjónin Anna Guðmundsdóttir stjórnarmaður og Þorbjörn Hlynur Árnason prestur tóku á móti félagsmönnum með veitingum og sögðu sögu staðarins. Að endingu var matur snæddur á Landnámssetrinu í Borgarnesi.
Ákveðið hefur verið að fara í vorferð í maí n.k. en áfangastaður hefur ekki enn verið ákveðinn.
Fræðslustundir voru einnig haldnar í Snælands- og Garðaskóla.

Dröfn nefndi vefi og facebókarsíður sem tengjast félaginu:
Heimasíða félagsins sem er vistuð undir KÍ
Skólasafnavefurinn sem er öflugur vefur Rósu Harðardóttur.
Gaman og gagn á skólasafni
Skólasafnavefurinn sem er facebókarsíða
Makerspace á skólasöfnum
Félag fagfólks á skólasöfnum sem er aðalsíða félagsins.

Dröfn er ánægð að tilheyra þessum hópi og telur einstakt að geta átt samskipti við samstarfsfólk víðsvegar um landið. Að lokum þakkaði hún fyrir samstarfið á liðnu stjórnarári.

Næstur tók til máls Ívar Ólafsson í kjaranefnd.
Hann sagði frá því að 6. nóvember 2018 hefði stjórn SBU kallað kjaranefnd saman til fundar til að ræða fyrirhugaða samninga. SBU gerir samninga við Reykjavíkurborg og Samband sveitarfélaga. Kjaranefnd hefur ekki verið boðuð aftur á fund eftir áramót og því ekki vitað hvernig málin standa. Tveir samningar eru í gangi enda tveir hópar félagsmanna í félaginu. Ívar kallaði eftir öðrum aðila til starfa í nefndina sem væri þar fyrir hönd þeirra sem starfa hjá sveitarfélögunum úti á landi þar sem starfsvið fólks er mjög fjölbreytt. Að lokum bauð hann upp á spurningar og athugasemdir úr sal. Félagsmaður vildi fá að vita hvernig fólk hefði almennt komið út eftir starfsmat sveitarfélaganna. Annar félagsmaður hafði heyrt að þeir sem væru í KÍ væru að fara fram á að vera ráðnir sem verkefnastjórar.

Þá tók til máls Margrét Björnsdóttir gjaldkeri og lagði fram ársreikning félagsins og fór yfir stöðu reikninga. Hún taldi upp helstu kostnaðarliði og nefndi m.a. útgjöldin við vorferðina og lítinn kostnað í tengslum við Gerðubergsráðstefnuna . Félagið fær árlega styrk frá Sambandi sveitarfélaga. Inneign félagsins eru tæpar 240.000 kr. Margrét bauð upp á spurningar en engar spurningar komu fram og ársreikningurinn var samþykktur með lófataki.

Lagabreytingar
Næst á dagskrá voru lagabreytingar en þær voru engar.

Kosning í stjórn
Út úr stjórn gengu Anna Guðmundsdóttir og Heiða Rúnarsdóttir. Í stjórn bauð sig fram Sigrún Fossberg Arnardóttir en þá vantaði einn til viðbótar og hélt þá Heiða hvatningarræðu og eftir þá ræðu bauð Þóra Jónsdóttir í Öldutúnsskóla sig fram.

Kosning í nefndir
Óskað var eftir meðstjórnanda í fræðslunefnd en þar er fyrir Guðmunda Guðlaugsdóttir. Nefndin kemur að skipulagi fræðslustunda og sér um styrkumsóknir. Ágústa Lúðvíksdóttir í Flataskóla bauð sig fram.

Ívar Ólafsson óskaði eftir meðstjórnanda í kjaranefnd og helst einhvern utan að landi sem væri í SBU. Elísa Elíasdóttir frá Héraðsbókasafni Rangæinga – samsteypusafni bauð sig fram. Ásgeir Eyþórsson óskaði eftir einstaklingi með sér í að skoða kjarasamning KÍ. Það gaf sig enginn fram í það verkefni.

Óskað var eftir aðila í endurskoðun reikninga. Hallbera Jóhannesdóttir hættir því starfi. Heiða Rúnarsdóttir tekur það að sér ásamt Margréti Björnsdóttur gjaldkera.

Önnur mál
Rósa Harðardóttir vildi vekja athygli félagsmanna á að stjórn félagsins þyrfti að endurspegla samsetningu félagsmanna, þ.e. að í stjórn sætu aðilar úr báðum félögum KÍ og SBU. Hugsanlega þarf að endurskoða þetta fyrir næsta aðalfund og gera þá nauðsynlegar breytingar á lögum félagsins.

Fleira var ekki rætt og sleit Guðrún fundi og við tók fræðslustund.

Sigrún Hauksdóttir og Sveinbjörg Sveinsdóttir frá Landskerfum sögðu frá nýju bókasafnskerfi og kynntu nýtt viðmót fyrir skólasöfnin.

Kaffihlé

Ingibjörg Valsdóttir ritstjóri tímaritsins Börn og menning kynnti störf IBBY á Íslandi.

María Hrafnsdóttir forstöðumaður bókasafns og gestgjafi sagði frá starfsemi skólasafns Garðaskóla.

Hildur Rudólfsdóttir kennsluráðgjafi í upplýsinga- og tæknimennt í Garðaskóla kynnti og sýndi hönnunarsmiðju skólans.